

Skólaráð

2.mars 2023

Mættir: Sigrún Erla Ólafsdóttir deildarstjóri, Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri, Malla Rós Valgerðardóttir námsráðgjafi Hjalla, Sigríður Hrund Guðmundsdóttir foreldrafulltrúi, Guðrún Emilía Kolbeinsdóttir foreldrafulltrúi, Embla Ísól Ívarsdóttir nemandi í 9.bekk, Tómas Eggertsson nemandi í 10.bekk.

Fjarverandi: Ágústa M. Jónsdóttir ritari, Elísabet Stefánsdóttir grenndarfulltrúi, Daðey Arnborg Sigþórsdóttir kennari í Digranesi.

1. Skóladagatal 2023-2024
 - a. Sigrún skólastjóri fer yfir dagatalið.
 - b. Sameiginleg vetrarfrí og þrír sameiginlegir skipulagsdagar í nóvember, mars og maí í Kópavogi. Aðrir skipulagsdagar eru samræmdir við Snælandsskóla.
 - c. Foreldraviðtöl verða dreifð á eina viku eftir kennslu, bæði fyrir og eftir jól. Skóla lýkur því tveimur dögum fyrr að vori.
 - d. Foreldrafulltrúar fá dagatalið sent og setja inn viðburði á vegum foreldrafélagsins fyrir viðburðardagatal.
 - e. Viðburðardagatal verður kynnt sérstaklega í vor.
 - f. Dagatalið samþykkt í skólaráði. Verður í kjölfarið tekið fyrir á menntasviði og svo birt á heimasíðu skólans í kjölfarið.
2. Lesfimi
 - a. Farið yfir niðurstöður skólans í janúar 2023. Almennt eru góðar framfarir í öllum árgöngum.
3. Okkar skóli
 - a. Nemendur komu með hugmyndir fyrir hvert stig og svo kusu nemendur hvaða hugmynd yrði framkvæmd. Hvert stig fær um 200.000kr frá Kópavogsbæ í verkefnið.
 - b. Yngsta stig - Kósýherbergi/aðstaða.
 - c. Miðstig - þythokki eða ping pong borð í miðstigsrýmið.
 - d. Unglingstig - sódatvats- eða djúsvél í matsalinn.
4. Stefnumótun
 - a. Stefnumótunardagurinn er 27. apríl. Þá er opinn skólaráðsfundur. Nemendur komi með erindi inn á fundinn og svo umræður á eftir.
5. Önnur mál
 - a. Sjoppa í matsal fyrir unglíngastigið í fyrstu frímínútum. Hluti af fjáröflun 10.bekkinga að standa vaktina í sjoppunni. Mjög dýrt að leigja posa, kom upp hugmynd frá nemendum að nota AUR. Meiningin að fara af stað með þetta sem fyrst.
 - b. Stendur til að taka miðstigsálmuna í gegn næsta sumar.
 - c. Hafa verið tekin fjöldi sýna varðandi myglu. Engin mygla inni á unglíngastigi, en léleg loftræsting. Enn beðið niðurstaða af miðstigi.
 - d. Páskabingó foreldrafélagsins 18. mars.
 - e. Aðalfundur foreldrafélagsins 11.maí

- f. Rætt vorhátíð. Velt upp möguleikanum á því hvort það kemur betur út að hafa vorhátíðina á eða utan skólatíma. Rætt að bjóða upp á afþreyingu sem hentar betur mið- og unglíngastigi. Nemendafulltrúar tala um að unglíngunum þyki líka gaman í hoppukastalanum. Rætt hugmyndir um að kaupa atriði til að trekkja að.